Listsýningar

Myndlist

eftir BRAGA ÁSGEIRSSON

Eggert Guðmundsson: Kjarvalsstaðir. ☐ Mannvirki og munir: Franska bókasafnið. ☐ Argentínsk myndlistarsýning: Galerie SÚM.

Á tímum, þegar pataldur almennra, pólitískra kosninga, sem í aðsigi eru, er í hámarki, er naumast vænlegt að geta nema þess helsta, sem er að gerast í myndlist í höfuðborginni, og um leið að fara þar fljótt yfir sögu. Lauslegur annáll þess, er þar var á ferð meðan á verkfalli prentara stóð, er þó væntanlegur næstu daga.

Eggert Guðmundsson hefur sett upp yfirlitssýningu að Kjarvalsstöðum á æviverki sínu, en meirihluta myndanna á sýningunni hefur hann þó gert sl. 5 ár. Er hér um að ræða 113 tölusett verk, auk hugmynda að ýmsum munum og skartgripum m.m. Eggert er einn þeirra listamanna, er segja má, að hafi leitað þjóðlegs grunns í myndlist sinni gegnum litríkan farveg þjóðsagna, landslags, athafnalífs og mannamynda. Allt eru þetta mikilsverð viðfangsefni svo fremi sem þau eru samræmd myndrænum lögmálum hvað formbyggingu og liti áhrærir, ásamt rismikilli, skynrænni tjáningu, en mér virðist þetta, í þessu tilviki, koma frekar fram sem innhverfar hugarsmíðar en djúpstæð snerting við innri lífæðar myndlistarinnar, svo sem hún kemur mér fyrir sjónir. Sjálfur skilgreinir listamaðurinn viðhorf sitt til listarinnar í formála í sýningarskrá þannig: „Sönn list á það sammerkt með ástinni og góðleikanum að teljast til andlegra hneigða eða kennda, sem ekki verða flokkuð undir efnisheiminn eða jarðnesk form." Ég verð að játa, að ég skil ekki þetta viðhorf, þar sem ég tel listina felast í því að líta raunveruleikann í nýju ljósi, skynja hann og skilja, uppgötva og upplifa, og ég hrífst ekki af list, sem ekki er af holdi og blóði fram borin. Hverjum og einum er að sjálfsögðu frjálst að leggja sinn sérstaka skilning á eðli listarinnar og halda skoðun sinni fram, og mér kemur ekki til hugar að fetta fingur út í skoðanir listamannsins. Sjálfur er ég mjög háður ytra borði þessarar jarðkringlu, enda úr efni hennar sprottinn, og ég álít, að list verði til við vixláhrif efnis og anda. Þanka listamannsins í sýningarskránni, þar sem hann kemur víða við ásamt því að hann vitir kollega sína, fæ ég ekki skilið og tel, að slíkt ætti frekar rúm í dagblaði en í sýningarskrá slíkrar yfirlitssýningar.

Portrettmynd af Einari Jónssyni myndhöggvara leizt mér rismest slíkra mynda á sýningunni. Málverkið „Þvottadagur við hverinn" (15) þótti mér mjög bera af málverkunum um maleríska stemningu, og teikningin „Sofandi stúlka" (III) sérkennilegust slíkra mynda.

Sýningin „Mannvirki og munir", sem sett hefur verið upp í húsakynnum franska bókasafnsins að Laufásvegi 12, er fyrir margt mikill viðburður, jafnvel **þótt húsakynnin ráði ekki við um**fang sýningarinnar og sýningin virki þannig nokkuð óróleg og þröng í uppsetningu, — og þó er, þrátt fyrir allt, viss þokki yfir uppsetningunni, brot af hámenningu Frakka. Myndverkin sjálf eru mörg rismikil og merkileg að gerð enda engir aukakvisar á ferð og má meðal frægra nefna: Victor Vasarely, Dewasne, Emile Gilioli, Alexander Calder, Berto Lardera, Nicolas Scoffer, Raoul Ubac m.m. Er hér um að ræða ýmsar tegundir grafík-listar, vefnað, málverk, frumteikningar að veggskreytingum ásamt frumsmíðum af ýmiss konar minnisvörðum o.fl., o.fl. . . . Svo sjaldan sem slíkar sýningar rekur á fjörur okkar Íslendinga ætti að vera óþarfi að hvetja listunnendur að fjölmenna á staðinn. Aðstandendum sýningarinnar færi ég miklar þakkir, og vona, að þeir sjái sér fært að fylla Kjarvalsstaði af slíkri sýningu innan tíðar.

Í húsakynnum Galerie SÚM að Vatnsstíg hefur verið sett upp argentínsk listsýning er nefnist „Hugmyndalist". Verkin eru eftir fólk úr ýmsum greinum vísindanna t.d. prófessora í vistfræði, málvísindum, rafeindasérfræðinga, efnafræðinga, heimspekinga og aðra, sem starfa við háskóla allt frá Tucuman til Haifa. Upplýst er, að hugmyndalist sé fremur ung listgrein, sem vaxið hefur vegna vísindahyggju og þarfa nútímans fyrir kenningar þótt upprunann sé að finna á endurreisnatímanum. Er hér um að ræða alls konar hugmyndafræðilega texta á ensku, og þurfa menn að vera allfærir í málinu til að skilja þá til hlítar. Sýningin er mjög eintóna og þung fyrir augað, og hugmyndin í sjálfu sér er alls ekki ný fyrir utan það, að nafngiftin getur ekki talist frumleg né fersk, þar sem öll list frá fyrstu tíð er að sjálfsögðu ávöxtur hugmynda.

Bragi Ásgeirsson.



Franski sendiherrann Latour Dejean og Magnús Torfi Ólafsson við opnun franska bókasafnsins.

Frakklandsvinir fá gott bókasafn

Franskt bókasafn eða menningarmiðstöð fyrir þá, sem unna franskri menningu, hefur verið opnað á Laufásvegi 12 og hefur þar rætzt draumur, sem félagar í Alliance Francaise hafa átt frá upphafi, er félagið var stofnað árið 1912, eins og Magnús G. Jónsson forseti Alliance Francaise sagði í ræðu við opnun 24. apríl. Menntamálaráðherra, Magnús Torfi Ólafsson, opnaði bókasafnið að viðstöddum fjölda gesta, sem þar voru í boði sendiherra Frakka, M. De Latour Dejean, af þessu tilefni.

De Latour Dejean sendiherra sagði í ræðu sinni, að þörfin fyrir slíka stofnun hefði lengi verið fyrir hendi. Þarna gætu þeir, sem legðu stund á nám í menningu og tungu Frakka, nú komið og leitað sér fróðleiks í þeim bókum, sem þar yrðu á boðstólum, en auk bókanna munu liggja frammi tímarit og bókmenntir á frönsku. Þakkaði hann þeim, sem safnað hefðu bókunum úr bókasafni félagsins Alliance Francaise, Háskólabókasafninu og safni franska sendiráðsins og einnig þeim, sem með dugnaði og skipulagshæfileikum hefðu komið stofnuninni á laggirnar. Benti sendiherrann á, að húsnæði bókasafnsins, þar sem er m.a. kennslustofa, væri vel fallið til kvikmyndasýninga sýningahalds og mannamóta. Í lok ávarps síns sagði de Latour Dejean sendiherra: — Þar sem við Frakkar byggjum á sögu og menningu, sem okkur er kær, óska ég að starfsemi þessa bókasafns eigi eftir að samræmast hinni fögru lífsspeki Pauls Valareys: „Mennirnir auðgast á því, sem er ólíkt með þeim".

Í ræðu menntamálaráðherra kom m.a. fram, að um skeið hefðu menningasamskipti Frakklands og Íslands verið dræmari en áður fyrri, en nú sæjust þess merki, að þau væru aftur farin að dafna. Sagði menntamálaráðherra, að frönsk stjórnvöld hefðu að undanförnu sýnt slíka rausn í veitingu námsstyrkja til Íslendinga, sem vildu læra í Frakklandi og kynnast menningu Frakka, að það ætti sér ekki dæmi í Evrópu. Lýsti ráðherra franska bókasafnið í Reykjavík opnað.

Safnið verður opið til útlána kl. 5—7 fimm daga vikunnar. Auk þess mun meiri starfsemi fara þar fram, sem ekki er búið að ákveða enn. Þó hefur verið ákveðin sýning á vísindaritum innan skamms.

Sumarbúðir í Hlíðardalsskóla

Sjöunda-dags aðventistar munu starfrækja sumarbúðir fyrir drengi og stúlkur í Hlíðardalsskóla í sumar. Verður um tvo dvalarhópa að ræða, sá fyrri fyrir stúlkur á aldrinum 8—12 ára, 25. júní—4. júlí. Síðari hópurinn verður fyrir drengi á aldrinum 8—12 ára, frá 8. júlí—17. júlí.

Í fjölbreyttri dagskrá frá degi til dags má m.a. nefna: fánahyllingu, sögustundir, söngstundir, íþróttir og útiveru, föndur, náttúruskoðun og gönguferðir, fjölbreytta leiki, hagnýta fræðslu, kvikmyndir, sund, kvöldvökur og varðelda.

Stjórnendur sumarbúðanna, þeir Árni Hólm og Steinþór Þórðarson, gefa fyrirheit um, að þetta verði ógleymanlegar stundir.

Innritun fer fram daglega á skrifstofu aðventista, Ingólfsstræti 21, Reykjavík, sími 1-38-99.

Af heilum hug þakka ég þeim mörgu, sem glöddu mig á áttatíu ára afmæli mínu 21. maí 1974. Óska ykkur öllum Guðs blessunar.

Marta Oddsdóttir,
Bárugötu 20 a, Akranesi.

Orkustofnun

óskar eftir að taka á leigu nokkrar jeppabifreiðir þar á meðal frambyggðan rússajeppa, upplýsingar í síma 21195.

